

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningar- og styrktarsjóð Ölla, nr. 1027/2013.

1. gr.

Samþykktar hafa verið eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Markmið sjóðsins er að styrkja unga íþróttamenn með æfingagjöldum, búnaði og með þátttöku í ferðakostnaði. Skal það gert með því að greiða æfingagjöld til íþróttafélaga sem viðkomandi umsækjandi æfir með eða ef styrkur er fölginn í afhendingu búnaðar, skal tryggja að búnaðurinn nýtist við æfingar í viðkomandi íþrótt. Þátttaka í ferðakostnaði skal heimil bæði vegna æfinga og keppni. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fara í sérstaka fjársöfnun fyrir einstaklinga sem þurfa á fjárhagslegri aðstoð að halda til að stunda íþróttir, þegar um er að ræða annan og meiri kostnað en æfingagjöld eða kostnað við búnað eða keppnis- eða æfingaferðir.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningar- og styrktarsjóð Ölla staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 30. desember 2025.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Bergrún Halldórsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 15. janúar 2026